

<b>Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025</b>	
Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.	
Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.	
<b>Sveitarfélag:</b>	<b>Fjallabyggð</b>
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>	Tillagan varðar Siglufjörð og Ólafsfjörð sem tilheyra sveitarfélaginu Fjallabyggð.
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	Samþykkt samhljóða í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 19.febrúar 2025 (meðfylgjandi fundargerð)
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Ákvæði 1. másl. 1. mgr., c liðar 1. greinar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi <u>sveitarfélagi</u> 1. júlí 2024. Önnur ákvæði reglugerðarinnar breytist í samræmi.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Fjallabyggð er sameinað sveitarfélag og er eitt atvinnusvæði. Lögheimili skal því vera innan sveitarfélagsins.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiar, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðalags á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024, <u>þó að hámarki 80 þorskígildistonn á fiskiskip.</u>
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Byggðakvóti sem úthlutað er til Siglufjarðar er að miklu leyti til kominn vegna skerðinga á veiðiheimildum á rækju. Því er lagt til að viðmið um hámarksúthlutun verði 80 þorskígildistonn, svo tryggja megi að það fyrirtæki sem orðið hefur fyrir skerðingunni geti fengið stóran hluta af byggðakvótanum sem úthlutað er til byggðalagsins, en þó alls ekki allan. Samhliða þessu er mikilvægt að tryggja að aflamark dreifist til minni útgerða.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Í 6. grein reglugerðarinnar verði veitt undanþága frá löndun til vinnslu.  Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins. " Önnur ákvæði sömu málsgr. breytist í samræmi.  Í 6.gr., 3.málsgr. breytist og verði: „Afli sem boðinn er upp á fiskmarkaði innan sveitarfélagsins telst uppfylla skilyrði um löndun innan sveitarfélagsins samkvæmt 1.málsgr.“
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu</b>	Það hefur verið miklum vandkvæðum bundið að vinna byggðakvótann í Fjallabyggð. Á síðasta fiskveiðiarinu var samþykkt að afli gæti farið til vinnslu utan sveitarfélagsins og fór afli að miklu leyti til vinnslu í fiskvinnslur utan

<b>vinnskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	sveitarfélagsins Þrátt fyrir þessar aðgerðir standa eftir frá síðasta fiskveiðiári 82 tonn á Siglufirði og 23 tonn á Ólafsfirði. Því er hér farið fram á, að veitt verði undanþága frá vinnskyldu byggðakvóta í Fjallabyggð og að heimilt verði að landa aflanum á fiskmarkað í sveitarfélaginu. Til vara að heimilt verði að landa afla í vinnslur utan sveitarfélagsins líkt og samþykkt var á síðasta fiskveiðiári.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> .	